




## Leiðbeiningar og gátlisti fyrir byggðakvóta



**FISKISTOFA**  
TRAUST · FRAMÆKNI · VIRÐING

## Almennar upplýsingar um byggðakvóta

Fiskistofa úthlutar byggðakvóta til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga samkvæmt reglugerðum sem eru settar af ráðherra. Sveitarfélög geta óskað eftir sérreglum sem geta vikið frá eða verið til viðbótar reglugerð um úthlutun byggðakvóta og þarf ráðherra að samþykkja þær.

Áður en sótt er um byggðakvóta er æskilegt að kynna sér gildandi reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa ásamt sérreglum sveitarfélaga þegar við á, sem eru aðgengilegar á vefsvæði Stjórnartíðinda (B-deild): <https://www.stjornartidindi.is/#>.

### Auglýsing og umsókn um byggðakvóta

Umsóknir um byggðakvóta eru auglýstar á vefsíðu Fiskistofu [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is).

Sækja skal um byggðakvóta á vefsíðu Fiskistofu í gegnum eftirfarandi slóð: <https://gatt.fiskistofa.is/>.

Umsóknarfrestur er tvær vikur frá birtingu auglýsingar.

### Fylgiskjöl með umsókn um byggðakvóta

Yfirlýsing um vinnslusamning í viðhengi með umsókn, ef við á (sjá eyðublöð á vefsíðu Fiskistofu).

Yfirlýsingin þarf að vera árituð af bæjar- eða sveitarstjórn, kaupanda, vinnsluaðila og umsækjanda.

Bæjar- eða sveitarstjórn er falið að árita vinnslusamning sem eigandi fiskiskips gerir við fiskkaupanda um magn afla sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila. Eftirfarandi þarf m.a. að koma fram í vinnslusamningnum: samningsaðilar, þ.e. eigandi fiskiskips, fiskkaupandi og vinnsluaðili, magn sem landað verður til vinnslu og að vinnsluaðili skuldbindi sig til að vinna aflann. Eigandi fiskiskips getur gert fleiri en einn samning um vinnslu og getur skipt um vinnslu á tímabilinu.

Breytingar á áður framlögðum upplýsingum skal senda til Fiskistofu á netfangið [byggdakovoti@fiskistofa.is](mailto:byggdakovoti@fiskistofa.is).

### Skipting byggðakvóta

Þegar skipting byggðakvóta er reiknuð er síðasta fiskveiðiár notað til viðmiðunar hjá umsækjendum í viðkomandi byggðalagi. Skip eiga rétt á úthlutun í hlutfalli við landaðan afla í þorskígildum talið innan þess byggðarlags sem umsókn snýr að.

### Vilyrði fyrir byggðakvóta

Umsóknir eru yfirfarnar að loknum umsóknarfresti m.t.t. þess hvort öll skilyrði séu uppfyllt. Fiskistofa kannar m.a. skráningu lögheimilis einstaklinga hjá Þjóðskrá og skráningu heimilisfangs („lögheimilis“ á vefsíðu RSK) lögaðila hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Öllum umsóknum er svarað og umsækjendur fá yfirlit yfir vilyrði í byggðarlaginu sem sótt er um.

Vilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta fylgir fiskiskipi en ekki útgerð.

## Kæruheimild

Ákvörðun um vilyrði fyrir byggðakvóta er kæránleg til matvælaráðuneytisins ([mar@mar.is](mailto:mar@mar.is)). Kærufrestur er tvær vikur frá dagsetningu ákvörðunar Fiskistofu. Úthlutun fer ekki fram fyrr en að loknum kærufresti.

Ráðuneytið getur frestað úthlutun vegna kæru um vilyrði fyrir byggðakvóta. Það getur haft í för með sér tafir á afhendingu byggðakvóta í einstökum byggðarlögum. Ef ráðuneytið fellir úr gildi ákvörðun Fiskistofu um vilyrði fyrir byggðakvóta þarf að endurreikna úthlutun byggðakvóta í byggðarlaginu og veita ný vilyrði um byggðakvóta.

## Kostnaður vegna úthlutunar byggðakvóta

Tekið er gjald fyrir hverja úthlutun samkvæmt Gjaldskrá Fiskistofu.

Hægt er að óska eftir að úthlutun fari fram í áföngum, að lágmarki 1/5 hverju sinni. Úthlutun fer þó ekki fram nema skilyrði um landað magn til vinnslu sé uppfyllt í sama hlutfalli á sama tíma.

## Flutningur vilyrðis á milli fiskiskipa

Hægt er að flytja vilyrði á milli skipa í eigu sama lögaðila/einstaklings. Óski umsækjandi eftir að flytja vilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta á milli skipa skal senda tölvupóst og gögn til staðfestingar, eftir því sem við á, á netfangið [byggdakvoti@fiskistofa.is](mailto:byggdakvoti@fiskistofa.is).

## Vinnsla til byggðakvóta

Flökun, flatning, frysting, söltun eða hersla telst vinnsla til byggðakvóta. Litið er svo á að söltun grásleppuhroga teljist til vinnslu byggðakvóta en þrátt fyrir það teljast til byggðakvóta þorskígildi á heilum fiski.

## Eftirfarandi afli telst til mótframlags byggðakvóta

- Afli sem landað er til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á yfirstandandi fiskveiðiári.
- Afli sem haldið er aðskildum frá öðrum afla, ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog sem “byggðakvóti til vinnslu”.
- Afli sem ekki hefur áður verið metinn til byggðakvóta.
- Allar fisktegundir sem tilgreindar eru í meðfylgjandi viðhengi.

Afli sem boðinn er upp á fiskmarkaði telur **ekki** til byggðakvóta, nema sérreglur heimili það.

## Afhending aflamarks

Afhending aflamarks fer fram þegar skilyrði um löndun mótframlags/vinnslu eru uppfyllt. Þegar afhending fer fram má ekki hafa verið flutt meira aflamark af skipi en á það í þorskígildum talið á yfirstandandi fiskveiðiári. Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli vilyrðis.

---

### Atriði sem þarf að hafa í huga þegar sótt er um byggðakvóta

- Að skip sé með leyfi til veiða í atvinnuskyni við lok umsóknarfrests.
- Skip er skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí árið á undan.
- Skip var í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí árið á undan.
- Vinnslusamningur liggur fyrir um vinnslu mótframlags til byggðakvóta.

### Helstu skilyrði fyrir úthlutun aflamarks

- Vigtarnótur þurfa að liggja fyrir sem staðfesta að afli hafi verið landaður innan hlutaðeigandi byggðarlags til vinnslu.
- Vigtar- og ráðstöfunarskýrslur þurfa að liggja fyrir sem staðfesta vinnslu aflans.
- Þegar afhending fer fram má ekki hafa verið flutt meira aflamark af skipi en á það í þorskígildum talið á yfirstandandi fiskveiðiári.
- Vilyrði fyrir aflamarki fellur niður að svo miklu leyti sem skilyrði fyrir úthlutun eru ekki uppfyllt í lok yfirstandandi fiskveiðiárs.

## Viðhengi I. Útreikningur þorskígilda vegna úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa

Við útreikning þorskígilda skv. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa miðar Fiskistofa við leiðbeiningar, dags. 21. febrúar 2012, frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Miðað er við eftirfarandi fisktegundir:

Þorskur	Sandkoli	Skata	Rauðmagi
Ýsa	Skrápflúra	Lúða	Grásleppa
Ufsi	Stóra brosma	Öfugkjafta	Norður-Íshafsporskur
Gullkarfi	Humar (slitinn)	Geirnyt	Úthafskarfi
Langa	Innfjarðarækja	Djúkarfi	Rækja á Flæmingjagrunni
Keila	Úthafsækja	Blágóma	Hvítskata
Steinbítur	Litli karfi	Búrfiskur	
Skötuselur	Lýsa	Snarphali	
Grálúða	Blálanga	Náskata	
Skarkoli	Slétti langhali	Sandhverfa	
Sólkoli	Tindaskata	Urrari	
Langlúra	Hlýri	Stinglax	